



SKÝRSLA UM FRAMKVÆMD SAMNINGS MILLI MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIS OG AUSTURBRÚAR
(ÞEKKINGARNETS AUSTURLANDS)
Á TÍMABILINU 2011 - 2013

Bergþóra Arnórsdóttir

Guðrún Á. Jónsdóttir

desember 2012

Efnisyfirlit

ÚTDRÁTTUR	2
INNGANGUR	2
FRAMKVÆMD SAMNINGS	2
STARFSADSTAÐA	2
FRAMHALDSFRÆÐSLA	3
<i>Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins</i>	3
<i>Íslenska fyrir útlendinga</i>	4
<i>Fjölmenn</i>	4
<i>Fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana</i>	4
HÁSKÓLANÁM	4
<i>Fjöldi nemenda og þjónusta</i>	4
<i>Verkefni tengd þróun á staðbundnu háskólanámi á Austurlandi</i>	5
<i>Símenntun á háskólastigi</i>	6
RANNSÓKNIR OG ÞRÓUN	6
<i>Þekkingarsetur</i>	6
<i>Austurlandsakademían og rannsóknatækifæri á Austurlandi</i>	6
<i>Rannsóknánámssjóður</i>	6
<i>Rannsóknaverkefni</i>	7
<i>Styrkjaflóran</i>	7
INNLEND SAMSTARFSVERKEFNI	7
ALÞJÓÐLEGT SAMSTARF	8
ALÞYÐUFRÆÐSLA	8
FJÁRMÁL OG REKSTUR	8
ÚTGÁFA	9
<i>Fréttir og upplýsingamiðlun</i>	9
<i>Reglubundnar skýrslur og greinargerðir</i>	9
MIKILVÆGI OG ÞRÓUN STARFSEMINNAR	9
ÁHERSLUATRÍÐI Í STARFI NÆSTU ÁRA	11
ALMENN MARKMIÐ	11
LEIÐIR AÐ MARKMIÐUM	11

Útdráttur

Fjallað er um starfsemi Austurbrúar áður Þekkingarnets Austurlands á árunum 2011 - 2013. Árlega hafa nálægt 1300 manns sótt námskeið í framhaldsfræðslu til stofnunarinnar og nemendastundum hefur fjölgað á tímabilinu miðað við árin á undan og eru nú um 50.000 árlega. Milli 400 og 500 hundruð manns fengu ráðgjöf hjá náms- og starfsráðgjafa á hverju ári og 26 einstaklingar í atvinnulífnum fóru í gegnum raunfærnimat á árunum 2011 – 2012. Að jafnaði sóttu árlega um 170 einstaklingar íslenskunámskeið fyrir útlendinga. Fræðsluáætlanir vegna símenntunar starfsmanna voru unnar með sjö fyrirtækjum og stofnunum. Árlega nýttu 150 -170 háskólanemar sér þjónustuna. Próftökum frá háskólum fjölgaði nokkuð og eru nú nálægt 1000 árlega en einnig nýttu háskólanemar sér lesaðstöðu og önnur þjónustutilboð Austurbrúar. Gerðar voru tilraunir sem gengu vel með staðbundna kennslu fyrir hópa háskólanema. Austurbrú tók þátt í verkefnum sem stuðla að auknu rannsóknastarfi og sinnti sjálf nokkrum rannsóknatengdum verkefnum. Austurbrú tók þátt í ýmsum samstarfsverkefnum, stóð fyrir fyrirlestrum og annarri alþýðufræðslu. Rekstur starfseminnar var fjárhagslega þungur á árunum 2011 - 2013.

Það verður áfram lykilmarkmið og meginverkefni fræðsluviða Austurbrúar að mæta menntunarþörfum íbúa Austurlands, að mennta ófaglærðra og efla háskólamenntun. Það er einnig brýnt að treysta þá þekkingu sem er undistaða undir aðgerðir og stefnumótun varðandi byggðapróun og búsetuskilyrði á Austurlandi með rannsóknum og greiningu á stöðu, þörfum og möguleikum samfélaganna þar.

Inngangur

Í júní 2011 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytis og Þekkingarnets Austurlands (nú Austurbrúar). Meginmarkmið samningsins eru að mæta fræðsluþörf einstaklinga með stutta formlega skólagöngu, bæta aðgengi íbúa að námi og stuðla að auknu samstarfi og samþættingu menntunar, rannsókna, fræðastarfs, menningarstarfsemi og atvinnuþróunar á Austurlandi. Gildistími þessa samnings var 1. janúar 2011 til 31. desember 2013.

Hér er tekið saman stutt yfirlit um framkvæmd samningsins, helstu tölur um umfang starfsemi og annan árangur starfsins á samningstímabilinu. Vegna nánari upplýsinga um starfsemina árin 2011 – 2013 er vísað í ársskýrslur og ársreikninga Þekkingarnets Austurlands vegna 2011 og ársskýrslu og ársreikninga Austurbrúar vegna 2012 og starfsáætlunar Þekkingarnets Austurlands 2012 og fræðsluviða Austurbrúar 2013. Þessar upplýsingar má finna á vef Austurbrúar, www.austurbru.is. Í lok skýrslunnar er fjallað um ýmis meginmarkmið og stefnu í starfsemi næstu ára.

Framkvæmd samnings

Starfsaðstaða

Aðstaða til náms, kennslu og prófahalds hefur á árunum 2011 - 2013 verið á 5 stöðum á Austurlandi. Á þessum stöðum er fjarfundaaðstaða, kennslustofur, lesaðstaða f. stúdenta, aðgangur að Interneti, prentara, ljósritun og skrifstofur starfsmanna. Á Seyðisfirði, Djúpavogi, Borgarfirði, Breiðdalsvík og Stöðvarfirði er búnaður og aðstaða til kennslu í grunnskólum ef á þarf að halda. Öll kennsluaðstaða er samnýtt til þjónustu vegna framhaldsfræðslu, háskólanáms og prófahalds.

Tafla 1. Starfsstöðvar og kennsluhúsnæði Austurbrúar á Austurlandi 2011 -2013.

Staður	Skrifstofur starfsfólks	Kennslu og prófstaður	Lesaðstaða f. háskólanema
Egilsstaðir	x	x	x
Reyðarfjörður	x	x	x
Vopnafjörður	x	x	x
Neskaupstaður	x	x	x
Djúpivogur	x		
Seyðisfjörður	x		
Höfn	x	x	x

Kostnaður vegna kennslurýmis hefur ekki verið sundurgreindur frá kostnaði við skrifstofuhúsnæði.

Framhaldsfræðsla

Símenntunarsvið Austurbrúar veitir þjónustu í samræmi við lög um framhaldsfræðslu (27/2010) og Austurbrú fékk árið 2013 vottun sem viðurkenndur fræðsluaðili skv. 7. grein laganna og uppfyllir staðal evrópska gæðamerkisins EQM (European Quality Mark) um gæði í fullorðinsfræðslu, vottunarnúmer er IS-0010-13.

Á samningstímanum hefur fjöldi námskeiða á símenntunarsviði verið svipaður ár frá ári (tafla 2) og fjöldi þátttakenda hefur haldist nokkuð stöðugur. Breyting hefur hins vegar orðið á fjölda nemendastunda þar sem löngum námsleiðum FA hefur fjölgað á tímabilinu.

Sú breyting hefur einnig orðið á námskeiðahaldi að stuttum tómsundanámskeiðum hefur fækkað en starfstengdum námskeiðum fjölgað ásamt fjölgun nemenda sem taka þátt í löngum námsleiðum.

Kynjaskipting

nemendahópsins er svipuð milli ára (mynd 1). Áætlað er að árið 2013 verði svipað og árin á undan (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Tafla 2. Fjöldi námskeiða, þátttakenda og nemendastunda 2008-2012.

Símenntun / fjöldi	2008	2009	2010	2011	2012	2013 áætlað
Námskeið	154	124	130	137	129	135
Þátttakendur	1.638	1.228	1.305	1.347	1.301	1300
Nemendastundir	30.658	37.723	33.855	45.594	50.472	50.000

Helstu markmið samnings


Vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga 27/2010 með því að:

Reka miðstöð framhaldsfræðslu.

Greina þarfir og bjóða upp á ráðgjöf, námskeið og raunfærnimat.

Þessi þjónusta skal veitt og þróuð í samstarfi við; FA, fræðslusjóð, framhaldsskóla, stéttarfélög, fagfélög, sveitarfélög og fyrirtæki.

Mynd 1. Kynjaskipting í nemendahópi á árunum 2011 og 2012.



nokkuð stöðugur undanfarin ár (tafla 3). Atvinnuleitendum sem þiggja ráðgjöf hefur fækkað og er það í samræmi við upplýsingar frá VMST/STARF um að atvinnuleitendum á Austurlandi hafi fækkað á milli ára. Ráðgjafarviðtöl eru fjármögnuð af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og stjórnast fjöldi viðtala að mestu leiti af fjármögnun sem fæst til verkefnisins.

Samstarf við Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Námsleiðir - Langar námsleiðir Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins hafa fengið aukið vægi í starfsemi á síðustu árum. Fjöldi þeirra ræðst af fjármögnun og hefur Austurbrú fullnýtt það fjármagn sem til ráðstöfunar hefur verið fyrir landshlutann og fengið aukaúthlutanir árin 2011 og 2012. Að meðaltali hafa verið kenndar 12-16 námsleiðir á ári. Þar er Stóriðjuskóli Alcoa Fjarðaáls stærsta verkefnið. 200 – 250 nemendur taka þátt í námskeiðum FA árlega.

Ráðgjöf - Fjöldi þeirra sem fá ráðgjöf hefur verið

Tafla 3. Fjöldi einstaklinga sem hafa fengið ráðgjöf á árunum 2011-2013

Ráðþegar	2011	2012	2013
Fjöldi	484	425	450 (áætlað)

Raunfærnimat. Árið 2011 var mikil áhersla á raunfærnimat og hófst þá mat í bifvélavirkjun, matartækni og vélvirkjun og vélstjórn í samstarfi við Iðuna fræðslusetur, Menntaskólann í Kópavogi, Borgarholtsskóla og framhaldsskólana á Austurlandi (tafla 4). Árið 2012 var unnið áfram með þessi verkefni en nokkrir fóru einnig á eigin vegum í raunfærnimat á vegum Rafiðnaðarskólans og Iðunnar. Bankastarfmenn fóru gegnum raunfærnimat 2010. Ekki fékkst fjármagn í raunfærnimat árið 2013 (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Tafla 4. Fjöldi einstaklinga í raunfærnimati 2011-2012

	2011 -2012
Bifvélavirkjar	8
Matartækni	7
Vélvirkjun	7
Vélstjórn	4

Íslenska fyrir útlendinga

Að jafnaði hafa verið haldin 18-20 námskeið árlega í íslensku fyrir útlendinga á Austurlandi á árunum 2011-2013. Nemendafjöldi hefur verið um 160-180 manns á ári. Nýbreytni hefur verið varðandi starfstengd námskeið þar sem sum fyrirtæki gera kröfu um mat á íslenskukunnáttu og hefur það verið framkvæmt af starfsfólki Austurbrúar (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Fjölmennt

Á samningstímanum hefur verið samstarf við Fjölmennt, fullorðinsfræðslu fatlaðra. Árlega eru 10 – 12 stutt námskeið haldin, meðal kennslustundafjöldi á námskeiði er 6-12 klst. Framlag Fjölmenntar til fullorðinsfræðslu fatlaðra var lækkað um helming á haustönn 2013 sem hefur áhrif á fjölda námskeiða ársins 2013.

Fræðsluáætlanir fyrirtækja og stofnana

Fræðsluáætlanir eru gerðar fyrir fyrirtæki og stofnanir. Dæmi eru; Félagsþjónusta Fljótsdalshéraðs, Sveitarfélagið Hornafjörður, Heilbrigðisstofnun Austurlands og Félagsþjónusta Fjarðabyggðar. Þá hefur ráðgjafi frá Austurbrú tekið þátt í gerð fræðsluáætlana fyrir fyrirtæki sem starfa um allt land svo sem ISS, OLÍS og Eimskip. Í samstarfi við Alcoa er unnið að margskonar fræðsluverkefnum s.s. Stóriðjuskóla, rafrænu námsefni, námskeiðum fyrir starfsmenn og íslenskuprófum fyrir starfsmenn.

Háskólanám

Fjöldi nemenda og þjónusta

Ætla mætti af tölum úr skráum Austurbrúar/Þekkingarnets Austurlands (tafla 5) að fjarnemum hafi fækkað 2013 frá fyrri árum. Þessar tölur byggja á skráum sem fást frá háskólunum. Tölur um fjölda þeirra sem taka próf og fjölda prófa gefa þó ekki til kynna að nemendum hafi fækkað. Líklegt er að fjöldatölur fyrir 2011 og 2012 og reyndar árin þar á undan hafi ofmetið fjölda fjarnema. Að mestu stafar það af því að þeir nemar sem ekki voru virkir fjarnemar, þótt þeir hefðu einhvern tíma skráð sig sem slíkir, héldust of lengi inni í skráum háskólanna um fjarnema. Átak var gert í að laga þetta í samvinnu við háskólanna fyrir vorönn 2013.

Þetta veldur því að erfitt er að greina þróun í nemendafjölda en líklegast hefur ekki orðið mikil breyting á raunverulegum fjölda virkra fjarnema á tímabilinu, enda framboð á fjarnámi ekki aukist frekar hið gagnstæða.

Helstu markmið samnings

Að bæta aðgengi íbúa að námi.
Reka fjarnáms- og kennsluáðstöðu, m.t.t. miðlun fjarkennslu og fjarprófahalds.
Próa námsleiðir í samstarfi við þekkingarsetur og háskóla. Vinna með háskólum að bættri þjónustu.

Nemendum hefur í nokkur ár verið boðin ýmis þjónusta svo sem aðstoð og hagnýt örnámskeið. Þessi þjónusta er oft veitt á einstaklingsgrunni en einnig hafa verið stutt ókeypis námskeið f. háskólanema í: leit í rafrænum

gagnagrunnum, heimildavinnu í Word, MindManager og

OneNote, skipulagi í ritgerðavinnu og SPSS tölfræðiforritinu. Nokkrir tugir nýta sér þessi námskeið en aðrir fá einstaklingsaðstoð. Einnig hefur Austurbrú aðstoðað nemendur við að finna prófarkalesara og kennara þegar nemendur þarfnast einkatíma vegna einhverra sérstakra viðfangsefna í námi sínu. Þessi þjónusta er veitt á þeim stöðum þar sem eftirspurn er eftir henni (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Lesaðstaða fyrir háskólanema hefur verið í boði á: Egilsstöðum, Reyðarfirði, Vopnafirði, Neskaupstað og Höfn. Ekki hafa verið teknar saman tölur um notkun á lesaðstöðu en vitað er að nokkrir tugir nemenda nýta lesaðstöðu árlega. Stöðugt eru einhverjir nemendur sem nýta aðstöðuna á öllum þessum stöðum.

Háskólarnir hafa ekki skilgreint beint kröfur um aðstöðu vegna prófahalds og annarrar þjónustu við háskólanema. Reglur háskólanna gera þó ráð fyrir að próf séu haldinn í sómasamlegu húsnæði, þar sem er fullnægjandi lýsing og hiti, stólar og borð henti fullorðnu fólki og utanaðkomandi truflun sé í lágmarki. Prófverðir Austurbrúar kynna sér og framfylgja prófareglum Austurbrúar sem byggja á prófareglum háskólanna.

Verkefni tengd þróun á staðbundnu háskólanámi á Austurlandi

Framhaldsnám Kennara

Árið 2011 og 2012 var í gangi tilraunaverkefni tengt framhaldsnámi kennara. Þekkingarnet Austurlands og HÍ sömdu um að staðlotur sem nemendur hafa þurft að sækja til Reykjavíkur flyttust austur. Á haustönn 2011 fengu 17 kennaranemar sem hófu framhaldsnám á meistarastigi að sitja tvær staðlotur á Austurlandi, og komu kennarar frá HÍ. Auk þess voru ráðnir tveir stuðningskennarar á Austurlandi til að sinna dæmatímum. Þetta verkefni var styrkt af stofnun rannsóknasetra HÍ og það mæltist mjög vel fyrir meðal bæði nemenda og kennara sem að því komu (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Námsmöguleikar og störf í iðn- og tæknigreinum

Vorið 2011 fengu ÞNA, Háskólinn í Reykjavík og Verkmennaskóli Austurlands styrk til þriggja ára úr samfélagssjóði Alcoa til að „efla þekkingarsamfélag í Fjarðabyggð“. Hlutur Austurbrúar í styrknum var nýttur til að: gera könnun á áhuga iðnaðarmanna á Austurlandi á frekara námi, byggja upp og kynna aukna þjónustu við nemendur í frumgreinanámi við HR, og kynna möguleika iðn og tæknigreina.

Til að kynna iðn- og tæknigreinar var verkefnið „Tæknidagur fjölskyldunnar“ sett af stað og hann fyrst haldinn í mars 2013. Það var fjölbreytt sýning á tækniverkefnum og lausnum í fyrirtækjum og stofnunum í Fjarðabyggð ásamt tækni og vísindatengdum verkefnum skólanna. Tæknidagurinn heppnaðist mjög vel, það var opin lifandi sýning og áætlað að ekki færri en 400 manns hafi mætt (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Tafla 5. Fjöldi háskólanema og próftaka sem nýttu aðstöðu Austurbrúar, sundurgreint á annir árin 2011 – 2013

	2011 v	2011 h	2012 v	2012 h	2013 v	2013 h
Fjöldi nema á skrá (fjöldi próftaka)	267* (165)	217* (172)	239* (150)	217* (158)	155 (157)	169
Fjöldmennusta fagsviðið - menntavísandi	73	63	51	57	41	45
Fjöldi nemenda frá HÍ	66	87	63	97	87	66
Fjöldi nemenda frá HA	94	60	47	57	54	76
Prófafjöldi	395	414	430	326	440	440 (áætl.)

* Talið er að skráningar hafi verið ónákvæmar og fleiri á skrá en raunverulega voru virkir.

Hugmyndir um staðbundið námsframboð

Hugmyndir um þróun staðbundins háskólanáms í tengslum við rannsóknatækifæri og mannauð á Austurlandi hafa verið töluvert ræddar. Verkefni „Net-University“ sem unnið var 2008 - 2010 og verkefni um þróun námsbrautar á meistarastigi um „Umhverfis- og þjóðgarðastjórnun“ sem var unnið að 2009 skoðuðu slíka möguleika. Þessar hugmyndir hafa að mestu legið óhreyfðar síðan m.a. vegna þess að það kreppti að um fjármagn.

Símenntun á háskólastigi

Samningar var við Endurmenntun Háskóla Íslands (í gegnum Kvasi) og við Opna háskólann í HR um fjarnámskeið þar til 2012. Lítil aðsókn var í námskeið á vegum Opna Háskólans. Aðsókn að námskeiðum frá Endurmenntunarstofnun HÍ var töluvert og nokkur fjöldi námskeiða var haldinn á Austurlandi 2011 og 2012. Samningurinn var óhagstæður fjárhagslega þar sem töluvert vinna fór í námskeiðin t.d. umsjón á staðnum og fjölföldun námskeiðsgagna og tekjur af námskeiðunum stóðu oft ekki undir því. Kvasir endurnýjaði því ekki samninginn. Það er þó mat Austurbrúar að þörf fyrir endurmenntun á háskólastigi sé mikil meðal fagstétta á Austurlandi.

Rannsóknir og þróun

Austurbrú (áður PNA) tekur þátt í ýmsum umræðum, hugarflugi og stefnumótun varðandi rannsóknir með stofnunum og fyrirtækjum eftir því sem tækifæri bjóðast (sjá Ársskýrslu PNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Helstu markmið samnings

Hafa frumkvæði að rannsókna og þróunarverkefnum sem byggja á sérstöðu.
Taka þátt í faglegri umræðu.
Vinna með sérfræðingum að stefnumótun háskóla og rannsóknastarfs.
Aðstoða fræðimenn.

Þekkingarsetur

Þekkingarsetur eða miðstöðvar fólks sem vinnur í þekkingargeiranum eru mjög mikilvægar í litlum samfélögum til að skapa lífvænlegt vinnuumhverfi fyrir sérfræðinga sem oft eru faglegir einyrkjar eða starfa á mjög litlum vinnustöðum.

Austurbrú hefur starfsstöðvar í eftirfarandi setrum: Kaupvangi á Vopnafirði, Nýheimum á Hornafirði, Vísindagarðinum á Egilsstöðum, Kreml í tengslum við Búland í Neskaupstað, Fróðleiksmolanum á Reyðarfirði og Silfurhöllinni Seyðisfirði (sjá Ársskýrslu Austurbrúar 2012). Austurbrú á einnig fulltrúa í stjórn Breiðdalsseturs á Breiðdalsvík.

Austurlandsakademían og rannsóknatækifæri á Austurlandi

Nokkru hefur verið safnað af gögnum og upplýsingum um rannsóknir, sérfræðinga og fræðimenn á Austurlandi. Rannsóknabókasafn Austurlands er skráð undir nafni Þekkingarnets Austurlands í Gegni. Þessi verk miða að því að mynda samstarf þekkingarsamfélagsins á svæðinu.

Austurbrú áður Þekkingarnet Austurlands hefur tekið þátt í Vísindavöku í Reykjavík undanfarin ár. Markmiðið er að fá hverju sinni til liðs við sig vísindafólk á Austurlandi og gefa því kost á að kynna rannsóknir og rannsóknahugmyndir sínar og það hefur gegnið eftir. Ritið Hríslan sem Þekkingarnet Austurlands gaf út síðla árs 2010 fékk töluvert dreifingu 2011 en í því eru hugmyndir stofnana og fyrirtækja á Austurlandi að verkefnum sem gætu hentað sem rannsóknaverkefni fyrir háskólanema.

Rannsóknánámssjóður

Árið 2010 var komið á fót litlum sjóði með styrk frá Vaxtarsamningi Austurlands til styrktar rannsóknaverkefnum háskólanema. Alls voru greiddir 8 styrkir á tímabilinu 2010 -2012 til sjö mastersnema og eins nemanda í grunnámi í háskóla. Viðfangsefni verkefnanna sem hlutu styrk voru fjölbreytt og styrkþegar bæði karlar og konur. Sjóðurinn varð uppurinn 2012.

Rannsóknaverkefni

Nokkur rannsókn- og greiningaverkefni hafa verið í gangi hjá Austurbrú sjálfri. Á árinu 2012 fékkst styrkur til eflingar starfsmenntunar frá mennta- og menningarmálaráðuneyti til að greina námsþarfir og helstu hindranir í námi hjá hópi verkafólks á Austurlandi. Styrkurinn var nýttur til vinnustaðaheimsóknna og könnunar meðal starfsmanna (einkum á karlavinnustöðum) og vinnuveitenda. Árið 2013 fengust einnig 2 styrkir til rannsókna og greininga á vinnumarkaði á Austurlandi, frá Afli starfsgreinafélagi og frá Vinnumarkaðsráði. Annar styrkurinn er einkum ætlaður til að greina þarfir atvinnulausra kvenna. Unnið er að þessum verkefnum. Lítið rannsóknaverkefni styrkt af Vinum Vatnajökuls var einnig í vinnslu há Austurbrú 2013 tengt skráningu náttúruminja á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs.

Í byrjun ársins 2013 tók Austurbrú að sér vinnu við sjálfbærni-verkefni Alcoa Fjarðaáls og Landsvirkjunar. Verkefnið hafði verið vistað hjá Þekkingarneti Þingeyinga. Það eru mælingar á fjölmörgum mælikvörðum eða vísam sem gefa vísendingar um breytingar í umhverfi, samfélagi og efnahag á Austurlandi.

Styrkjaflóran

Austurbrú hóf árið 2013 markvissa vinnu við að gera yfirlit um styrki sem í boði eru og hentað geta verkefnum Austurbrúar sjálfar, samstarfsaðilum og almenningi. Eitt af verkefnum Austurbrúar er að liðsinna viðskiptavinum vegna styrkjamála og því var ráðist í þessa vinnu.

Austurbrú hefur haft milligöngu um kynningar og námskeið í tengslum við gerð umsókna í Evrópusjóði. Fræðsluvið Austurbrúar sóttu um IPA - styrk til verkefnis um eflingu menntunar og þjónustu í smábæjum haustið 2012 en fengu ekki.

Innlend samstarfsverkefni

Samstarf hefur verið við Vinnumálastofnun, Starf, Starfsendurhæfingu Austurlands og Virk um gerð fræðslutilboða fyrir þá sem nýta sér þjónustu þessara aðila, má þar nefna verkefni: Næstu skref, virkni og kraftur, heilsa og lífsstíll, gerð færnimöppu og atvinnuleit. Þorpið hönnunarsamfélag var tilraunaverkefni á árunum 2010-2012, samstarfsverkefni Menningarráðs, Þróunarfélags, Þekkingarnets og aðila sem vinna að vöruhönnun. Fleiri smærri samstarfsverkefni hafa verið í gangi þar sem áhersla hefur verið á uppbyggingu ákveðinna svæðisbundinna verkefna.

Samstarf við framhaldsskóla hefur verið nokkuð á samningstímanum, sérstaklega í tengslum við átakið „nám er vinnandi vegur“. Fengist hafa styrkir til 8 verkefna í átakinu sem öll fela í sér samstarf við framhaldsskóla og fleiri. Austurbrú hefur umsjón með 6 verkefnum en einu er stýrt af Afli starfsgreinafélagi og öðru af Menntaskólanum á Egilsstöðum.

Verkefni eru:

- rannsókn á hindrunum í námi fullorðinna
- þjálfun í íslensku á vinnustað
- fjölsmíðaverkefni
- námskrárgerð á 4. þrepi um hönnun úr staðbundnu hráefni
- umhirða ungskóga
- hugtakalistar í íslensku og pólsku fyrir framhaldsskólanemendur og fullorðna
- tilraunakennsla á námskrá fyrir ferðaþjónustu og verslun
- umönnunarbraut

Samstarf er við Verkmenntaskóla Austurlands um „Tæknidag fjölskyldunnar“ sem haldinn var 2013 og er í undirbúningi að halda 2014 en það er átaksverkefni til eða vekja athygli á tækni og vísindum. Einnig hefur verið samstarf við Verkmenntaskólann vegna kennslu í Stóriðjuskólanum.

Þróunarsjóður framhaldsfræðslu hefur einnig styrkt þróunar- og samstarfsverkefni t.d. tilraunakennslu í fjarnámi á Norðausturlandi fyrir skólaliða, vélfræði fyrir vélamenn og tæknilausn sem unnið er með Verkmenntaskóla Austurlands, frumkvöðlanám fyrir innflytjendur og samfélagsnámsefni fyrir innflytjendur.

Heiðarbylaverkefnið var í vinnslu í starfsstöð Þekkingarnets Austurlands á Vopnafirði á árunum 2010 – 2011. Það gekk einkum út á upplýsingasöfnun um heiðarbýli í Jökuldals- og Vopnafjarðarheiði og var fjármagnað af styrkjum. Einnig var markmið þess hagnýting þessara upplýsinga í þágu ferðapjónustu.

Sóknaráætlun landshlutanna styrkti árið 2013 samstarfsverkefni um fjölbreyttara námsframboð sem stýrt er af fræðsluviði Austurbrúar en byggir á samstarfi Austurbrúar, framhaldsskóla á Austurlandi og fleiri aðila.

Nánar um samstarfsverkefni í Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012.

Alþjóðlegt samstarf

Á samningstímanum hefur verið áhersla á fjölbreytt samstarf við erlenda aðila. Þannig hafa verið í gangi 4 verkefni fjármögnuð af styrkjum, þetta eru: Skapandi samfélag (Creative Communities), námsráðgjöf á netinu (eGos), samstarf um þróun samstarfsnets sérfræðinga á Norðurslóðum (The North Atlantic Knowledge Network og The North Atlantic Forum).

Alþýðufræðsla

Austurbrú býður reglulega uppá fyrirlestra, málþing eða aðra viðburði fyrir almenning. Á árinu 2011 var bryddað uppá nýjung „Fimmtudag til fróðleiks“ sem eru hádegiserindi sem send eru út í fjarfundi á öllum starfsstöðum ÞNA á fimmtudögum einu sinni í mánuði. Einnig hefur starfsstöðin í Kreml verið með sérverkefni, styrkt af SÚN, sem nefnist “Kvöldvökur í Kreml” og er þar fjallað um málefni til fróðleiks og skemmtunar sem tengjast byggðarlaginu. Klúbbar og myndagrúsk hefur verið í Kaupvangi á Vopnafirði (sjá Ársskýrslu ÞNA 2011 og Ársskýrslu Austurbrúar 2012).

Fjármál og rekstur

Rekstur starfseminnar hefur verið fjárhagslega þyngri á þessu tímabili en árin á undan. Munar þar miklu að framlag til rekstar frá iðnaðarráðuneyti var fellt niður 2011 og fékkst ekki bætt. Fleira kemur til svo sem tíð framkvæmdastjóraskipti og umtalsverður kostnaður við undirbúning að stofnun Austurbrúar.

Við túlkun á upplýsingum um stöðugildi í fræðslumálum þarf að hafa í huga að stoðþjónusta svo sem skrifstofustörf og símsvörun hefur verið skilgreind á annan hátt með tilkomu Austurbrúar heldur en tíðkaðist hjá

Tafla 6. Fjöldi starfsmanna og stöðugilda hjá Austurbrú (Þekkingarneti Austurlands) 2011-2013.

Starfsmenn og stöðugildi	2011	2012	2013
Fjöldi starfsmanna ÞNA 2011, Austurbrúar (ÞNA) 2012 og 2013	18	25 (16)	27
Stöðugildi í fræðslumálum (áætlað)	13	12,5	11
Stöðugildi í útseldum rannsóknaverkefnum			1

Tafla 7. Ársvelta og rekstrarafkoma 2011 og 2012 og áætlun ársins 2013.

	2011 (ÞNA)	2012 (jan-maí ÞNA) (júni – des Ab)	2013 (áætlun)
Ársvelta	167.304.271	(75.052.779) (198.400.782)	335.433.748
Rekstrarafkoma fyrir fjármagnslið	5.993.271	- 8.894.906	-4.544.305
Rekstrarafkoma í heild	5.495.781	-9.300.429	
Handbært fé í árslok	9.271.797	19.198.814	

Þekkingarnetinu enda sinnti stoðþjónustan þar fræðslustarfseminni eingöngu en er nú sameignleg fyrir alla Austurbrú. Túlkun á upplýsingum um afkomu er einnig flókin vegna tímabilsins 2011 til 2013 þar sem mjög margar breytingar hafa átt sér stað sem gera tölur að miklu leyti ósamanburðarhæfar. Ljóst er þó að rekstarafkoman hefur verið neikvæð (sjá ársreikning PNA 2011, árshlutareikning PNA fyrri hluta árs 2012 og ársreikning Austurbrúar 2012).

Útgáfa

Fréttir og upplýsingamiðlun:

Námsvísir er gefinn út á hverri önn. Hann inniheldur yfirlit yfir námsframboð og aðra þjónustu.

Fjarneminn er gefin út á hverju hausti og inniheldur yfirlit yfir þá þjónustu sem í boði er fyrir fjarnema frá háskólum.

Fréttabréf Austurbrúar hóf göngu sína 2013 og inniheldur fréttir af starfsemi Austurbrúar. Það er birt á vefnum.

Reglubundnar skýrslur og greinargerðir:

Þekkingarnet Austurlands 2012. *Ársskýrsla Þekkingarnets Austurlands 2011*. Þekkingarnet Austurlands í maí 2012

Austurbrú 2013, *Ársskýrsla Austurbrúar 2012*. Ritstj. Guðrún Á. Jónsdóttir. Austurbrú maí 2013.

Þekkingarnet Austurlands 2012. *Starfsáætlun 2012*, Þekkingarnet Austurlands janúar 2012

Bergþóra Arnórsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir 2013. *Starfsáætlun fræðslusviða Austurbrúar 2013*. Austurbrú janúar 2013.

Guðrún Á. Jónsdóttir 2012. *Staða verkefna og rekstur Þekkingarnets Austurlands á fyrri hluta árs 2012*. Greinargerð um framkvæmd samnings við MMrn. Austurbrú ágúst 2012.

Bergþóra Arnórsdóttir og Guðrún Á. Jónsdóttir 2013 Greinargerð um framkvæmd samnings Austurbrúar við mennta- og menningarmálaráðuneytið. Austurbrú júní 2013.

Aðrar skýrslur og rit:

Austurbrú 2013. *Tækniland*. Kynningarblað. Ritstjóri Jón Knútur Ásmundsson. Austurbrú.

Tinna K. Halldórsdóttir 2013. *Efling starfsmenntunar - Könnun meðal verkafólks á Austurlandi*. Austurbrú.

Þekkingarnet Austurlands 2012. *Landnemaskólinn á Austurlandi*. Ritstjóri Laufey Eiríksdóttir.

Mikilvægi og þróun starfseminnar

Fjöldi notenda þjónustu þeirrar sem Þekkingarnet Austurlands og síðan Austurbrú hafa veitt sveiflast nokkuð á tímabilinu 2011 – 2013 en þó er ekki hægt að greina ákveðnar breytingar til fækkunar eða fjölgunar yfir tímabilið. Fjöldi nemendastunda í framhaldsfræðslu og fjöldi prófa háskólanema hefur aukist jafnt og þétt. Það má ætla að magn kennslu og þjónustu hafi heldur verið að aukast.

Það er álit Austurbrúar að starfið hafi almennt gengið vel á samningstímanum. Fjöldi fólks hefur nýtt þjónustuna og sífellt hefur verið reynt að gera hana faglegru og betri. Þjónustan hefur verið öflug á ýmsum sviðum og mikið verið lagt upp úr að færa hana til notenda hennar. Sú þjónusta sem veitt er af fræðslusviðum Austurbrúar er án nokkurs vafa mjög mikilvæg fyrir fólkið á Austurlandi sem annars hefði mun takmarkaðri möguleika til menntunar, einkum fólkið sem ekki getur flust frá svæðinu til að sækja skóla vegna vinnu, fjölskylduaðstæðna eða kostnaðar. Það má því leiða líkum að því að þjónustan bæti menntunarmöguleika fólks sem býr á svæðinu verulega. Bætt menntun er almennt talin leiða til aukinnar virkni fólks í atvinnulífi og menningu og meiri nýsköpunar í samfélögum. Nefna

má sérstaklega kennaramenntun en skólar á svæðinu búa nú vel að menntuðum kennurum sem að hluta til má þakka fjarnámsmöguleikum í kennaramenntun.

Stöðugt er unnið að því að þróa og bæta starfið t.d. með þarfagreiningum, samstarfsverkefnum við aðra fagaðila og ýmiskonar tilraunverkefnum í miðlun kennslu og þjónustu.

Áhersluatriði í starfi næstu ára

Almenn markmið

Í sóknaráætlun Austurlands vegna 2013 er rætt um að sterkar atvinnugreinar svæðisins séu sjávarútvegur og áliðnaður. Áætlað er skv. sóknaráætlun að auk atvinnutækifæra í tengslum við þær geti ferðaþjónusta, skapandi greinar og þekkingariðnaður orðið vaxtargreinar svæðisins.

Það hefur einnig komið fram að menntunarstig á Austurlandi er enn of lágt, lægra en landsmeðaltal í nánast öllum menntunarflokkum (Skýrsla Byggðastofnunar 2012, Sóknaráætlun Austurlands, stöðugreining) og að framlög til menntamála, einkum háskóla og rannsóknastarfsemi, séu hlutfallslega afar lág (Þóroddur Bjarnason og Jón Þorvaldur Heiðarsson 2012. Starfsemi ríkisins í Norðausturkjördæmi, Háskólinn á Akureyri) enda engar háskólastofnanir starfræktar í landshlutanum. Í sóknaráætlun Austurlands er bent á að auka þurfi framboð og aðgengi að háskólanámi í fjarnámi og styrkja námsþjónustu í heimabyggð.

Það er því áfram lykilmarkmið og meginverkefni fræðsluviða Austurbrúar að mæta menntunarpörfum íbúa Austurlands. Þetta á við það verkefni að mennta ófaglærðra og einnig um háskólamenntun og að gera fagstéttum jafnt háskólamenntuðum sem öðrum kleyft að bæta og endurnýja menntun sína. Menntun sem tengist sterkum atvinnuvegum svæðisins jafnt sem vaxtarbroddum þess ætti að vera sérstaklega til skoðunar.

Auknar rannsóknir eru einnig afar mikilvægt verkefni. Það er t.d. brýnt að treysta þá þekkingu sem er undistaða undir ýmsar aðgerðir og stefnumótun varðandi byggðapróun og búsetuskilyrði á Austurlandi með rannsóknum og greiningu á stöðu, þörfum og möguleikum samfélaganna þar. Slík rannsókn og greiningarvinna gæti nýst í stefnumótun og ákvarðanatöku um þróun allra þátta samfélagsins og gert starf Austurbrúar, opinberra aðila og annarra sem vinna að eflingu svæðisins markvissara.

Lykilverkefni framundan eru að mæta menntunarpörfum og styrkja þekkingu á svæðinu.

Leiðir að markmiðum

Margar leiðir geta legið að því að ná markmiðum á þeim sviðum sem að framan eru talin. Hér verða nefndar nokkrar leiðir sem Austurbrú telur að geti nýst. Meginþemu í áætlunum Austurbrúar snúast um að mæta menntunarpörfum og að efla þekkingarsamfélagið.

Mikilvægt er að háskólarnir, ekki síst Háskóli Íslands hafi að markmiði að bjóða aukin tækifæri til menntunar fyrir fólk vítt og breytt um landið sem ekki á auðvelt með að sækja hefðbundna skólastofukennslu. Tækifærin til menntunar í fjarnámi þurfa að vera á mun fjölbreyttari fagsviðum en nú er og bæta þarf þjónustu við fjarnema og hagnýtingu tæknilausna við kennslu til muna. Þetta er mikið hagsmunamál dreifbýlis og verkefni sem stjórnvöld fræðslumála, háskólar og Austurbrú ásamt öðrum sambærilegum aðilum ættu að vinna að í sameiningu.

Austurbrú hefur áhuga á að kanna þarfir fyrir ákveðna þekkingu í samfélaginu og koma á fót tilraunaverkefnum með háskólastofnunum til að mæta þeim t.d. með blöndu af fjarnámi og staðbundinni kennslu. Reynslan af verkefni með Háskóla Íslands um framhaldsmenntun kennara sem unnið var að 2011 og nefnt er fyrr í þessari skýrslu bendir til að hægt sé að ná árangri með slíkum verkefnum og jafnframt að nýta vel fjármuni. Mælanlegt markmið gæti verið fjöldi háskólanema og fjölbreytni námsgreina sem hægt er að læra.

Austurbrú hefur áhuga á að efla rannsóknir á menntunarpörf og hindrunum sem standa í vegi fyrir menntun mismunandi hópa. Þetta á við um menntunarpörf bæði einstaklinga og atvinnulífs. Þetta á við um menntun ófaglærða en einnig þeirra sem hafa hug á háskólanámi hvort sem um er að ræða grunnám á háskólastigi eða framhalds- og endurmenntun. Slík þekking er lykill þess að geta gert

þjónustu á sviðinu markvissari. Marmið er að sífellt sé í gangi einhver rannsókn- og greiningarvinna sem miði að því að auka þekkingu á þörfum og þróun samfélagsins.

Reiknað er með að áfram verði unnið með Samtökum atvinnulífsins til að hækka menntunarstig á svæðinu. Markmiðið er að bæta stöðu þeirra sem hafa minnsta menntun og bjóða nám á viðráðanlegu verði, tækifæri til að hefja nám að nýju eftir hlé og/eða erfiða skólagöngu í hinu formlega skólakerfi. Rannsókn á hindrunum í námi fullorðinna bendir til þess að áhugi fyrir námi sé fyrir hendi en hindranir fyrir þátttöku eru í umhverfinu. Leita verður leiða til að ná til þessara hópa og finna lausnir sem henta þeim. Ráðgjöf og raunfærnimat eru mikilvægar stoðir til að byggja upp nám fullorðinna ásamt því að gott samstarf sé fyrir hendi við framahaldsskóla á Austurlandi. Mælanlegt markmið ætti að vera hækking á menntunarstigi.

Fjölmörg tækifæri varðandi þarfagreiningar vegna menntunar í fyrirtækjum eru á Austurlandi og framtíðarsýnin er að þarfagreiningin verði fyrir alla starfsmenn, ekki eingöngu þá sem hafa stutta formlega menntun. Á dreifbýlum svæðum er styrkur í að vinna samhæfða fræðsluáætlun fyrir alla starfsmenn fyrirtækis eða stofnunar og safna fagstéttum á námskeið á svæðinu frekar en að senda þær burt til endurmenntunar. Reynt verður að ná samvinnu við alla sem að þessu þurfa að koma, fræðsluáðila og þá sem fjármagna endurmenntun starfstétta til að koma þessum hugmyndum í framkvæmd. Mælanleg markmið eru að vaxandi fjöldi slíkra fræðsluáætlana líti dagsins ljós.

Á umræðustigi er áætlun um að bæta menntun í ferðaþjónustu sem grundvallast á þarfagreiningu. Í framhaldi yrði gerð fræðsluáætlun fyrir starfsgreinina. Ef þetta verkefni nær fram að ganga gæti það verið leið sem fleiri starfsgreinar sem starfa dreift en hafa þörf fyrir sérhæfða þekkingu þar sem endurmenntunartækifæri eru nú lítil. Mælanleg markmið eru fjöldi einstaklinga sem sækir sér menntun í tengslum við ferðaþjónustu.

Austurbrú telur mikilvægt að stuðla að því að háskólanemar í rannsóknatengdu námi og ungir vísindamenn sækja oftast viðfangsefni sín á Austurlandi. Þá telur Austurbrú að samþjöppun þekkingarstarfsemi í þekkingarsetur í þéttbýliskjörnum sé vænleg þróun sem stuðlar að meira aðlaðandi starfsumhverfi fyrir fólk með margvíslega þekkingu og hvetur til nýsköpunar og frumkvöðlastarfs. Árangur á þessu sviði krefst samstarfs margra aðila og byggir á að sameiginlegur skilningur og vilji verði til.

Austurbrú hefur áhuga á að koma á formlegum samstarfsvettvangi við atvinnulíf til að vinna að aukinni menntun og eflingu rannsóknastarfa í tengslum við atvinnulífið á Austurlandi. Markmiðið er að menntun og rannsóknastarf tengt fyrirtækjum á svæðinu aukist.

Til eflingar á starfseminni er áætlað að auka samstarf við önnur lönd og eiga samstarf við aðra landshluta. Tengsl við nágretta og systurstofnun í norðri (þekkingarnet Þingeyinga) eru töluverð og ætla má að tengsl aukist við Fræðslunet Suðurlands og Háskólafélag Suðurlands þegar Hornafjörður flytur starfsemi sína til suðurs. Stefnt er að þátttöku í norrænum og alþjóðlegum ráðstefnum, námskeiðum og fundum. Vonir standa til að þátttaka í slíkum verkefnum leiði til nýrra samstarfsverkefna á komandi árum.

Með tilkomu Austurbrúar eru samstarfsmenn fleiri og með ólíkan bakgrunn og sinna mismunandi störfum á ólíkum fagsviðum. Þetta skapar ný tækifæri til þverfaglegs samstarfs sem áður var flóknara í framkvæmd. Hugmyndir eru um að ráðstefnuhald á vegum Austurbrúar verði árlegur viðburður og áherslur verði ólíkar frá ári til árs.